



Reykjavík, 14. september 2026

VEL26090049

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breyting á niðurgreiðslu fæðis í vinnu og virkni fyrir fatlað fólk

Lagt er til að hætt verði að niðurgreiða hádegisverð að fullu fyrir notendur vinnu- og virknimiðstöðva heldur greiði þeir sama verð og starfsfólk borgarinnar greiðir fyrir máltíð í mötuneytum Höfðatorgs og Ráðhúss Reykjavíkur. Þá hafi Reykjavíkurborg milligöngu um að fá tilboð í hádegisverð fyrir þá notendur vinnu og virknimiðstöðva sem kjósa að neyta hádegisverðar í vinnunni.

Áætlað er að tekjur muni hækka um 32 m.kr. á ársgrundvelli við breytinguna.

Greinargerð:

Það hefur tíðkast um langt skeið að notendur vinnu- og virkniúrræða (hér eftir vinnu og virkni) fyrir fatlað fólk hafi ekki greitt fyrir hádegisverð. Almenna viðmiðið er þó að örorkulífeyrir eigi að duga fyrir allri framfærslu og er því tilefni til að endurskoða þessa framkvæmd. Flestir eða allir notendur vinnu- og virkni á hverjum tíma eru með örorkulífeyri.

Forstöðumaður vinnu og virkni hefur gert hagstæða samninga um kaup á matarbökkum fyrir notendur í Smiðjunni, Opus og SmíRey. Lagt er til að forstöðumaður starfsstöðvanna hafi samráð við notendur og eftir atvikum talsmenn þeirra um útfærslu á kaupum á matarbökkum fyrir þá sem kjósa að halda því áfram.

Þar sem um töluverðar breytingar á útfærslu er að ræða er lagt til að Reykjavíkurborg taki, að minnsta kosti tímabundið, þátt í kostnaði við kaup á matarbökkum fyrir notendur vinnu og virkni. Þannig er lagt til að notendur vinnu og virkni greiði sama verð fyrir matarbakkann og starfsfólk borgarinnar greiðir fyrir hverja máltíð í mötuneytum Höfðatorgs og Ráðhúss Reykjavíkur. Núverandi upphæð er 974 kr.

Í dag er keyptur hádegisverður fyrir notendur Smiðjunnar, Opus og Smírey sem öll heyra undir vinnu og virkni. Í Smiðjunni og Opus er keyptur tilbúinn matur frá Krúsku á 1.500 kr. á hvern skammt en í SmíRey er keyptur tilbúinn matur frá Veislulist á 2.435 kr. á hvern skammt. Auk þessa útbýr matræður í Smiðjunni salatbar einu sinni í viku en í SmíRey er haft salat og brauð tvisvar í viku.

Kostnaður miðað við hefðbundna vinnuviku sundurgreinist því á eftirfarandi hátt:



Reykjavík



Virkniúrræði	Skammtar p. dag	Verð p. skammt	Kostnaður p. dag	Kostnaður p. viku
Smiðjan	101	1.500	151.500	757.500
Opus	23	1.500	34.500	172.500
SmíRey	7	2.435	17.045	85.225
Samtals	131		203.045	1.015.225

Virkniúrræðin eru opin 50 vikur á ári, fimm sinnum í viku og kostnaður við matarinnkaup er því 50 m.kr. á ársgrundvelli. Miðað við það að notendur vinnu- og virkniúrræða Reykjavíkurborgar greiði þá upphæð sem almennt starfsfólk greiðir fyrir máltíð í mötuneytum Höfðatorgs og Ráðhúss Reykjavíkur (974 kr.) munu tekjur hækka um 32 m.kr. við breytinguna.

Í Smiðjunni og Opus þar sem kostnaður við hvern matarskammt er 1.500 kr. og hver matarskammtur í virkniúrræðum verður seldur á 974 kr. þá verður kostnaðarþátttaka Reykjavíkurborgar (eða niðurgreiðsla) 526 kr., eða 35%. Hjá SmíRey er kostnaður við hvern matarskammt 2.435 kr. og hver matarskammtur verður seldur á 974 kr. þá verður kostnaðarþátttaka 1.461 kr. eða 60%.

